

## Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar

FÉLAG ÁHUGAMANNA UM SÖGU læknisfræðinnar var stofnað fyrir 36 árum. Margir hafa eflaust heyrt félagsins getið en segja má að fremur hljótt hafi verið um það. Er því ekki úr vegi að nokkur grein sé gerð fyrir starfsemi þess.

Félagið var stofnað 18. desember 1964. Aðalhvatamaður að stofnun þess var Jón Steffensen (1905-1991) prófessor í líffærafræði við Háskóla Íslands. Á stofnfundinum reifaði hann þau verkefni sem hann taldi að félagið ætti að vinna að svo sem útgáfu Medicinsk Historisk Ársbok af Íslands hálfu í samvinnu við hliðstæð félög á Norðurlöndum, útgáfustarfsemi, meðal annars heimildarrits um sögu læknisfræðinnar hér á landi og ekki síst varðveislu minja um sögu læknisfræðinnar. Jón taldi að Nesstofa væri æskilegur staður fyrir þessa starfsemi og þar ætti einnig að vera bókasafn um sögu um læknisfræðinnar. Á stofnfundinum komu 48 manns. Í lögum félagsins segir að tilgangur þess sé „að efla þekkingu á sögu læknisfræðinnar með hverjum þeim ráðum er þjónar því sjónarmiði svo sem með því að styðja rannsóknir á sögu læknisfræðinnar, útgáfu rita og varðveisla minja um sögu læknisfræðinnar ...“.

Jón Steffensen var formaður félagsins til æviloka 1991. Gunnlaugur Snædal prófessor var formaður 1991-1997 og síðan hefur Halldór Baldursson læknir verið formaður þess. Félagsmenn eru nú um 70. Flestir eru úr hópi lækna en einnig eru þar fornleifafræðingar, lyfjafræðingar, sagnfræðingar, guðfræðingur og lögfræðingur. Starfsemi félagsins hefur að líkindum verið mismunandi mikil á undanförunum áratugum eins og gerist og gengur. Hér verða nefnd nokkur verkefni sem félagið hefur staðið að:

Félagið er aðili að norrænum samtökum félaga áhugamanna um sögu læknisfræðinnar, . Á vegum samtakanna eru haldnar ráðstefnur annað hvert ár til skiptis á Norðurlöndunum. Félagið hefur tvisvar staðið fyrir norrænum ráðstefnum um sögu læknisfræðinnar, 1981 og 1995. Í sambandi við ráðstefnuna 1981 barst félaginu höfðinglegt fyrirheit. Poul Assens, danskur lyfjafræðingur og umboðsmaður bresku Wellcome á Norðurlöndum, hét félaginu fjárhagslegum stuðningi til að halda árlega fyrirlestur til heiðurs Agli Snorrasoni lækni og skyldi hann kenndur við Egil. Hann var danskur læknir af íslenskum ættum (d. 1996) og mikill fræðimaður um sögu heilbrigðismála. Tilgangur fyrirlestranna er að styrkja rannsóknir og norræna samvinnu um sögu læknisfræðinnar. Ákveðnar reglur voru settar um val á fyrirlesurum og skyldi tryggt að þeir kæmu frá öllum Norðurlöndum. Fyrsti Egils Snorrasonar

fyrirlesturinn var haldinn í maí 1982. Síðan hafa fyrirlestrarnir verið árlegur viðburður í starfsemi félagsins.

Í sambandi við aðalfund félagsins hafa verið fluttir fyrirlestrar úr sögu íslenskra heilbrigðismála sem hafa verið fróðlegir og skemmtilegir. Þá hefur félagið beitt sér mjög fyrir varðveislu minja um sögu lækninga og heilbrigðismála og verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir stöðu þeirra mála.

Árið 1963 ritaði Kristján Eldjárn, þáverandi þjóðminjavörður, menntamálaráðherra bréf og hvatti til þess að ríkið eignaðist Nesstofu. Eftirmaður hans í starfi þjóðminjavarðar, Þór Magnússon, vann einnig ótullega að þeim málum. Þessi áform urðu að veruleika því ríkið eignaðist Nesstofu á árunum 1977-1979. Fljótlega varð ljóst að Nesstofa hentaði ekki sem safnahús en áhersla var lögð á að hún yrði búin sem líkast því sem hún var á dögum Bjarna landlæknis Pálssonar að húsgögnum og öðru innanstokks. Stefnt skyldi að byggingu sérstaks safnahúss í landi Ness.

Árið 1992 skipaði menntamálaráðherra byggingarnefnd til að stjórna byggingarframkvæmdum við uppbyggingu lækningaminjasafns. Bæjarstjórn Seltjarnarness lét af hendi lóð rétt hjá Nesstofu. Teiknað hefur verið glæsilegt og smekklegt safnahús. Því miður hefur framkvæmdum verið frestað að sinni vegna framkvæmda við Þjóðminjasafnhúsið. Nesstofusafn er deild í Þjóðminjasafni og var formlega opnað 1991. Fastur starfsmaður var ráðinn árinu áður.

Alls munu nú vera um 10.000 gripir í safninu. Þeir, ásamt bókum sem safnast hafa, eru geymdir í gömlum útihúsum í Nesi en nú er svo komið að þau hús eru næstum ónýtt og liggja safngripir undir skemmdum.

Jón Steffensen ánaðaði Læknafélagi Íslands miklum hluta eigna sinna og skyldi féð renna til byggingar lækningaminjasafns í Nesi. Fyrir þetta fé festi Læknafélag Íslands nýlega kaup á heppilegu húsnæði í nágrenni Nesstofu fyrir geymslu gripa og bóka, skrásetningu þeirra og aðra starfsemi Nesstofu. Húsnæðið var afhent menntamálaráðherra við athöfn í Nesstofu í ágúst árið 2000 og ráðherra afhenti það síðan Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjaverði til ráðstöfunar. Áfram verður unnið að byggingarmálum safnsins í Nesi en framkvæmdir munu dragast eitthvað eins og áður segir. Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar hefur stutt byggingarmálin af alhug og formenn byggingarnefndar hafa verið formenn félagsins, þeir Gunn-



Nesstofa.

laugur Snædal og Halldór Baldursson. Loks skal talið verkefni sem félagið hefur lítillaga komið að. Árið 1998 voru lögð drög að stofnun rannsóknarstofu í heilbrigðissögu við læknadeild Háskóla Íslands og á fulltrúi félagsins sæti í stjórn hennar.

Mikil og góð samvinna hefur tekist á milli félagsins og ráðamanna Þjóðminjasafnsins en sérstaklega hafa þó samskiptin verið mikil við Kristín Magnússon safnvörð Nesstofusafns. Stjórnarfundir félagsins eru haldnir í húsnæði safnsins í Nesi. Þá ber að nefna gott samstarf við Lyfjafræðingafélagið sem hefur komið sér upp myndarlegu húsnæði og safni í Nesi. Eru allir stærri fundir félagsins haldnir í húsnæði þess. Ötull tengiliður hefur verið Axel Sigurðsson lyfjafræðingur.

Þegar litið er til baka yfir starfsemi félagsins er ódilegt að flestum komi í hug nafn Jóns Steffensens.

Hann var frumkvöðull að stofnun félagsins, helsta driffjöðrin og formaður þess til æviloka. Hann tengdi miklar vonir við starfsemina og ýmislegt hefur gengið eftir af því sem hann ræddi um á stofnfundinum. Útgáfumálin hafa þó orðið útundan vegna þess að félagið hefur ekki haft burði til slíkrar starfsemi. Ritun heilbrigðissögu hefur farið fram á vegum Læknafélags Íslands en hefur ekki verið gefin út ennþá.

Þó að nafn félagsins sé tengt læknisfræði er verksvið þess saga heilbrigðismála í víðum skilningi. Þess vegna væri æskilegt að fá fulltrúa fleiri heilbrigðisstétta, auk lækna, sem félagsmenn. Slíkt myndi styrkja starfsemi þess og gera það öflugra og sýnilega en verið hefur.

ÓLAFUR Þ. JÓNSSON

## Samningur við TR Umsókn um aðild

KOSTNAÐUR SEM Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa er bundinn af árlegu framlagi sem Alþingi ákvarðar í fjárlögum. Þetta á meðal annars við um þjónustu sérfræðinga á eigin læknastofnum. Því er stofnuninni nauðsynlegt að vita fyrirfram hversu margir sérfræðingar muni starfa samkvæmt samningi við hana, svo hægt sé að leggja fram raunhæfa fjárhagsáætlun fyrir árið.

Þess vegna mun Tryggingastofnun afgreiða umsóknir um aðild að samningi við TR á

eftirfarandi hátt:

Peim sem sækja um aðild á fullnægjandi hátt á tímabilinu frá 1. október 2000 til og með 30. nóvember 2000 verður heimilað að hefja störf frá og með 1. janúar 2001.

Peim sem sækja um aðild á fullnægjandi hátt á tímabilinu 1. desember 2000 til og með 30. nóvember 2001 verður heimilað að hefja störf frá og með 1. janúar 2002.

Tryggingayfirlæknir